



## Öryggissvæði í þéttbýli. Ásmundur Jóhannesson, Berglind Hallgrímsdóttir og Eva Prastardóttir. Efla hf. – júní 2023.

Ágrip skýrsluhöfunda:

Öryggissvæði eru almennt skilgreind sem þau svæði sem liggja meðfram vegum/ götum. Innan þeirra á ekki að vera mikill bratti eða hættulegar hindranir sem geta valdið alvarlegum áverkum ef slysn verða í og við þær. Markmið öryggissvæða er að skapa svæði umhverfis vegi/ götur þar sem hægt er að koma í veg fyrir eða minnka líkur á alvarlegum slysum ef ökumaður hefur misst stjórn á ökutæki. Í þessu verkefni er litið til öryggissvæða í þéttbýli. Litið er til þeirra reglna sem gilda erlendis og litið til annarra rannsókna sem hafa skoðað öryggissvæði í þéttbýli.

Almennt séð er breidd öryggissvæða svipuð í þeim handbókum og heimildum sem skoðaðar voru. Hins vegar, í einhverjum handbókum er fjallað um aðskilnaðarsvæði. Aðskilnaðarsvæðið er ekki það sama og öryggissvæði þó að það sé í flestum tilfellum innan skilgreinds öryggissvæðis. Aðskilnaðarsvæði mætti skilgreina sem svæði sem komið er fyrir á milli akbrauta og stíga og hefur það að markmiði að aðskilja akbraut og hjóla- og göngustíga.

Helsti munur á milli landa eru kröfur er varða aðskilnaðarsvæði. Flest Norðurlöndin gera kröfu um 1-1,5 m aðskilnaðarsvæði ef vegur eða gata er með vegkant. Þegar leyfilegur hámarkshraði er 80 km/klst. eða meiri er aðskilnaðarsvæðið annað hvort orðið jafn breitt og krafa um öryggissvæði eða mjög svipað. Breiðara aðskilnaðarsvæði, sérstaklega hjá vegum með hærri hraða, getur aukið öryggi óvarðar vegfarenda. Hins vegar getur það einnig orðið til þess að óvarðir vegfarendur verða síður sýnilegra fyrir ökumönnum, og því aukið hættu fyrir óvarða vegfarendur við þveranir gatna.